

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um meðalbiðtíma eftir búsetuúrræðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur meðalbiðtími verið eftir dvöl á áfangaheimili fyrir fólk með vimefnavanda undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
2. *Hver er fjöldi plássá á áfangaheimilum fyrir fólk með vimefnavanda? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
3. *Hver hefur meðalbiðtími verið eftir dvöl í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk sem þarf mikinn stuðning undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
4. *Hver er fjöldi plássá í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk sem þarf mikinn stuðning? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
5. *Hver hefur meðalbiðtími verið eftir dvöl í sértæku húsnæði fyrir fólk með alvarlegan geðrænan vanda undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
6. *Hver er fjöldi plássá í sértæku húsnæði fyrir fólk með alvarlegan geðrænan vanda? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
7. *Hver hefur meðalbiðtími verið eftir dvöl í húsnæðisúrræðum fyrir heimilisláusa undanfarin fimm ár? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*
8. *Hver er fjöldi plássá í húsnæðisúrræðum fyrir heimilisláusa? Óskað er eftir sundurliðun eftir sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.*

Umbeðnar upplýsingar lágu ekki fyrir og því var fyrirspurn send til forsvarsmanna félagsþjónustu hvers sveitarfélags. Svör bárust frá 26 sveitarfélögum.

Flest sveitarfélaganna flokka fatlað fólk með alvarlegan geðrænan vanda ekki frá öðru fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir, hvorki á biðlista né í búsetuúrræðum, og því teljast einstaklingar með alvarlegan geðrænan vanda með í flokki fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir í þessari samantekt nema annað sé tilgreint.

Heimilisláusir einstaklingar með lögheimili í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi nýta úrræði í Reykjavík samkvæmt samstarfssamningi.

Efhöfuðborgarsvæðið er frátalið þá er einungis að finna áfangaheimili og sértækt húsnæði fyrir fólk með alvarlegan geðrænan vanda á Akureyri.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalbiðtíma í mánuðum.

Sveitarfélag	Áfangheimili fyrir fólk með vímuefnavanda		Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk sem þarf mikinn stuðning		Sértækt húsnæði fyrir fólk með alvarlegan geðrænan vanda		Húsnæðisúrræði fyrir heimilisláusa	
	Fjöldi pláss	Meðalbiðtími	Fjöldi pláss	Meðalbiðtími	Fjöldi pláss	Meðalbiðtími	Fjöldi pláss	Meðalbiðtími
Garðabær	0		18	25,3	0		0	
Hafnarfjörður	0		66	73,8	6	60	0	
Kópavogur	8		53	22	0		0	
Mosfellsbær	0		46	26,4	0		0	
Reykjavík	32	4,4	277 ¹	50,5	127 ²	16,2	57	14,3
Seltjarnarnes	0		4		0		0	
Utan höfuðborgarsvæðis	13	36	192	25	15	12,3	0	
Samtals	53		656		148		57	

¹ Auk þess húsnæði með stuðningi: 46.

² Auk þess húsnæði með stuðningi: 74.